

Fálkasetur

13. fundur stjórnar haldinn í fundarsal Náttúrufræðistofnunar Íslands að Borgum á Akureyri þann 15. maí 2013 kl. 14:30.

Mættir: Aðalsteinn, Hjörleifur og Sverrir.

Eftirfarandi málefni voru rædd:

1. Styrkir og sýning.

Til stendur að setja upp sýningu í Gljúfrastofu og er komið vilyrði fyrir styrk frá Vinum Vatnajökuls. Sá styrkur nægir þó ekki og var stefnan sett á að sækja einnig um styrk til Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar sem úthlutar hvert vor. Sú breyting hefur þó orðið að ekki verður úthlutað úr Náttúruverndarsjóðnum vorið 2013. Var því rætt um næstu skref og hvar hugsanlega mætti sækja pening. Þar sem talsverða fjármuni vantar til að hugmyndin verði að veruleika fannst ekki vænleg leið. Hugmynd kom upp um að Vatnajökulspjóðgarður tæki að sér að gera sýningu. Ef af slíku yrði þá myndi sýningin vera eign þjóðgarðsins en ekki Fálkasetursins þó þetta yrði unnið í samvinnu. Hjörleifi var falið að kanna þennan möguleika innan Vatnajökulspjóðgarðs.

2. Samstarf um rannsóknir á heimskautasvæðum á vegum Peregrine Fund.

Ólafur Karl Nielsen fékk ú á vormánuðum skeyti frá David L. Andersson sem starfar hjá Peregrine Fund. Þar óskar David eftir samstarfi við Ólaf en Peregrine Fund er að reyna að koma á fót samstarfsvettvangi þeirra sem stunda rannsóknir á vistfræði norðurheimskautssvæða með það að leiðarljósi að fylgjast með áhrifum hnattrænnar hlýnunar. Ólafur framsendi þetta erindi á Fálkasetrið til kynningar ef það hefði áhuga á viðfangsefninu. Talsvert rætt um efnið en engin ákvörðun tekin en David mun koma til Íslands á næsta ári. Fálkasetrið stendur enn sem komið er ekki sjálft fyrir neinum rannsóknum en í Ásbyrgi þar sem Fálkasetrið er hýst eru framkvæmdar vaktanir sem á lífríki í tengslum við hnattræna hlýnun. Starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs í Ásbyrgi kemur með beinum hætti að þeim rannsóknum.

Í skeyti Ólafs kom einnig fram að Tom Cade stofnandi Peregrine Fund myndi vera með Ólafi á Norðausturlandi í tvær vikur í vor. Tom Cade er kominn á eftirlaun en nýtur mikillar virðingar vagna starfa sinna og rannsókna á ránfuglum. Rætt um að reyna að kynna Fálkasetrið fyrir Tom.

3. Fræðsla og dagskrá sumarsins.

Ákveðið að hafa fræðsludagskrá með sama sniði og á síðasta ári. Aðalsteinn mun leiðbeina starfsfólki þjóðgarðsins til að þau geti séð um vikuleg rölt á fálkaslóðir. Þetta er fyrirhugað í 25 viku þegar allir starfsmenn eru á staðnum. Bestu dagsetningar eru 19 og 20. júní. Lengri ganga er svo fyrirhuguð þann 6. júlí og er markmiðið með henni að sýna fálka við hreiður.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson